



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### *Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins - Aðgengi fatlaðs fólks um göngugötur í miðborginni.*

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs var eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði:

*Flokkur fólksins vill nota tækifærið hér og minna Aðgengis- og samráðsefnd í málefnum fatlaðs fólks að nú hafa ný umferðarlög tekið gildi sb. 10. gr. 2019 nr.77 25. júní. Meðal nýmæla er undantekning frá akstursbanni um göngugötur sem felur í sér að bílar merktir með stæðiskorti fyrir hreyfihamlaða og bílar sem sinna akstursþjónustu fatlaðra mega nú nýta sér göngugötur og mega jafnframt leggja þar í merkt stæði. Flokkur fólksins spyr hvort borgin sé ekki að öllu leyti að virða þessi lög nú þegar vika er liðin síðan þau tóku gildi og hvort til standi að opna lokaðar göngugötur fyrir þeim bilum sem hafa nú heimildarkvæði samkvæmt nýjum umferðarlögum?*

Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, er tiltekin umferð vélknúinna ökutækja heimil um göngugötur, þ.á m. akstursþjónustu fatlaðra og handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða. Þá er afhending og losun vara heimil á tilgreindum vörulosunartímum.

Göngugötur í Reykjavík eru merktar með áberandi umferðarmerkjum en ekki lokaðar að öðru leyti. Aðgengi þeirra aðila sem heimild hafa til aksturs vélknúinna ökutækja í göngugötum á því að vera að fullu tryggt.

Tekið skal fram að þann 3. apríl sl. sendi umhverfis- og skipulagssvið minnisblað til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, þar sem lýst var yfir áhyggjum af framkvæmd undanþáguákvæðis 1. mgr. 10. gr. laganna. Undanþágan felur í raun í sér að stórum hópi fólks, þ.e. um 8.000 handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, er heimilað að keyra um göngugötur með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á öryggi annarra vegfarenda.

Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri

